

líta svo á, að hann hafi mátt búast við, að dvöl hans þar yrði ekki þeim móti skapi, fyrr en gjörðarbeiðendur hefðu annan ábúanda á jörðina. Þó ber og á það að líta, að gjörðarbeiðendur létu rúmlega mánuð líða fram yfir fardaga, án þess að hafast að um að losa jörðina, og gáfu, að því er virðist, engin ákveðin svör við tilboði gjörðarþola um framhaldsleigu jarðarinnar.

Ekki verður séð, að dvöl gjörðarþola á jörðinni Efranesi til næstu fardaga geti skaðað gjörðarbeiðendur, meðan annar ábúandi er ekki tilbúinn til að taka við henni. Hins vegar myndi útburður gjörðarþola og fjölskyldu hans af jörðinni á þessum tíma árs skaða gjörðarþola tilfinnanlega og vera andstæður hagsmunum hreppsfélagsins og þeim anda, sem fram kemur í ábúðarlögunum.

Því úrskurðast:

Synjað er um útburð gjörðarþola af jörðinni Efranesi.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 180/1959. **Árni Klemens Hallgrímsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Oddvita Vatnsleysustrandarhrepps f. h.
hreppsins og gagnsök**

(Vilhjálmur Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um bætur vegna átroðnings af umferð um land.

Dráttarvextir af útsvarsskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. mán. Eru kröfur hans þessar hér fyrir dómi:

1. **Í aðalsök í héraði:** Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 16.683.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði að skaðlausu.

2. **Í gagnsök í héraði:** Aðallega að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður í héraði að skaðlausu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 5761.79 án vaxta og málskostnaðar.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. febrúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Kröfur hans hér fyrir dómi eru þessar:

1. **Í aðalsök í héraði:** Aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að fébótakrafa aðaláfrýjanda verði færð niður.

2. **Í gagnsök í héraði:** Aðallega að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.114.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags. Til vara, að dæmd fjárhæð í héraði verði hækkuð eftir mati dómsins, og til þrautavara, að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest.

3. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í málinu.
Aðalsök í héraði.

Krafa aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði er í tveimur liðum, þ. e. bætur fyrir vegarstæði, kr. 8683.50, og bætur fyrir ágang búfjár á tún jarðar hans, Austurkots, kr. 8000.00.

A. Krafa um bætur fyrir vegarstæði, kr. 8683.50.

Árið 1930 var stofnað félag, er nefndist Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar. Gerðist aðaláfrýjandi framkvæmdastjóri þess. Félagið tók á erfðafestu svonefndan Eyrarkotsbakka, sem er skák úr landi Stóru-Vogatorfunnar niður við sjó, og kom sér þar upp atvinnustöð. Félagið fór þess á leit við hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, að lagður yrði hreppsvegur frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka, en á fundi hreppsnefndarinnar hinn 18. október 1930 var þeirri mála-leitan synjað. Árið 1931 var svo á vegum félagsins lagður akvegur frá þjóðveginum niður að atvinnustöð þess. Kveður

aðaláfrýjandi veg þenna hafa þá verið 3 metra breiðan. Vegurinn lá að nokkru leyti um ræktað land Minni-Vogatorfunnar, þar á meðal jarðanna Austurkots og Norðurkots. Samkvæmt skýrslum í málflutningi var Hallgrímur Scheving Árnason, faðir aðaláfrýjanda, þá eigandi Austurkots. Aðaláfrýjandi hefur í bréfum til hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps, dags 20. júní og 13. júlí 1942, skýrt svo frá, að leyft hafi verið að leggja veginn gegnum túnin endurgjalds-laust, en með því skilyrði þó, að girt væri beggja megin vegarins.

Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar virðist aðeins hafa starfað fá ár, en eftir að því var slitið, eignaðist Sigurjón J. Waage í Stóru-Vogum erfðafesturéttindin á Eyrarkotsbakka. Seldi Sigurjón síðan Vatnsleysustrandarhreppi erfðafesturéttindin með kaupsamningi 17. desember 1939. Hinn 25. maí 1940 var vegurinn frá Þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka tekinn í tölu hreppsvega.

Árið 1945 ákvað hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps að breikka umræddan veg. Hinn 26. maí 1945 dómkvaddi sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt beiðni hreppsnefndar tvo menn til að meta til peningaverðs land, sem taka átti til breikkunarinnar, sbr. 24. og 6. gr. Þágildandi vegalaga nr. 101/1933. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna var tekið land meðfram veginum, að breidd 3,5 metrar, til aukningar hans, þar á meðal af ræktuðu landi Austurkots, sem þá var í eign aðaláfrýjanda, og af ræktuðu landi Norðurkots, sem hann átti að $\frac{1}{3}$ hluta. Eru málflytjendur aðilja hér fyrir dómi sammála um, að fébætur fyrir landnám, sem samkvæmt matsgerðinni skyldu renna til aðaláfrýjanda, hafi numið kr. 889.68. Er það einnig sammæli málflytjendanna, að gagnáfrýjandi hafi boðið aðaláfrýjanda greiðslu fjárhæðar þessarar, en hann synjað viðtöku. Ekki skaut aðaláfrýjandi þó gerðinni til yfirmats.

Hreppsnefndin lét breikka veginn árið 1945, að undanteknum þeim kafla hans, sem lá um tún Austurkots, en þar var hann breikkaður árið 1953.

Í héraðsstefnu, dags. 21. september 1956, krafðist aðal-

áfrýjandi þess m. a., að gagnáfrýjanda yrði dæmt að greiða honum „skaðabætur fyrir vegarstæði eftir mati dómkvaddra manna“. Meðan málið var fyrir héraðsdómi, fékk aðaláfrýjandi hinn 10. marz 1959 dómkvadda tvo menn til að meta til fjár tjón hans, sem bóta var krafizt fyrir í málinu, þar á meðal „fyrir vegarstæði“. Í matsgerð, dags. 30. marz 1959, kveða matsmenn umræddan veg þá vera 8 metra breiðan, en auk þess sé fyrirhugað að breikka hann síðar um 2 metra. Miða þeir matið við, að vegarstæði það, sem bótakrafa aðaláfrýjanda taki til, sé 10 metra breitt. Meta þeir bætur fyrir landnám honum til handa alls kr. 8683.50. Leggur aðaláfrýjandi þá fjárhæð til grundvallar kröfufið þeim, sem hér er um fjallað.

Eins og fyrr var getið, lagði faðir aðaláfrýjanda til árið 1931 að sínum hluta vegarstæði undir hinn upphaflega veg frá Þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka í þágu Útgerðarfélag Vatsnleysustrandar. Hefur aðaláfrýjandi ekki fært sönnur á, að hann hafi öðlazzt bótarétt á hendur gagnáfrýjanda fyrir þann hluta vegarstæðisins, og skiptir ekki máli um það, þó að vegurinn hafi síðar verið tekinn í tölu hreppsvega. Hins vegar á aðaláfrýjandi rétt til þeirra bóta, sem ákveðnar voru honum til handa með matsgerðinni 2. júní 1945, kr. 889.68, enda hefur hann ekki fyrirgert þeim rétti, þó að hann á sínum tíma tæki ekki við framboðinni greiðslu. En vegna viðtökudráttarins verða honum ekki dæmdir vextir af greindri fjárhæð. Um frekari breikkun vegarins en þá, sem ákveðin var með matsgerðinni 2. júní 1945, hafa ekki komið fram nein þau gögn í málinu, sem unnt sé að leggja til grundvallar efnisdómi. Verður að vísa bótakröfunni, að því er til slíkrar breikkunar tekur, frá héraðsdómi.

B. Kafa um bætur fyrir ágang búfjár, kr. 8000.00.

Í framangreindum bréfum aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, dags. 20. júní og 13. júlí 1942, er því lýst, að þegar lagt var til land undir veginn frá Þjóðvegi niður á Eyrarkotsbakka árið 1931, hafi landeigendur sett það ákveðna skilyrði, að girt yrði beggja megin vegarins, þar sem hann lægi um tún. Hefur þessi staðhæfing ekki sætt andmælum af hálfu

gagnáfrýjanda. Kveður aðaláfrýjandi girðingu hafa verið setta meðfram veginum árið 1932, að nokkru leyti á vegum Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar. Telur hann, að skylda til viðhalds á girðingunni í samræmi við áðurgreint girðingarskilyrði hafi hvílt á þeim aðilja, sem á hverjum tíma hafði umráð vegarins, og hafi viðhaldsskyldan því færzt yfir á gagnáfrýjanda, þegar vegurinn var gerður að hreppsvegi hinn 25. maí 1940. Á þeim tíma var girðingin orðin léleg, og samkvæmt skýrslu fyrrverandi oddvita Vatnsleysustrandarhrepps gerði aðaláfrýjandi þá fljótlega kröfur til hreppsins um endurbætur á henni. Sú málsástæða gagnáfrýjanda, að krafa aðaláfrýjanda um átroðningsbætur hafi fallið niður vegna fyrningar samkvæmt ákvæðum 29. gr. þágildandi vegalaga nr. 101/1933, verður því þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Krafa aðaláfrýjanda um endurbætur á girðingunni var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps hinn 6. september 1942. Gerði nefndin þá eftirfarandi samþykkt:

„2 bréf lágu fyrir fundinum frá Árna Kl. Hallgrímssyni, Austurkoti, þar sem hann fer fram á að fá girðingu meðfram veginum, er liggur í gegnum tún hans að lóð hreppsins á Eyrarkotsbakka. Kvartar hann undan ágangi af skepnum, er um veginn fara, og öðrum umgangi, en telur það vera hreppsins að gera girðingu þessa. Gekkst hreppsnefnd inn á að verða við kröfu þessari“.

Eftir gögnum málsins hefur aðaláfrýjandi fengið eitt sinn, að því er virðist árið 1942, kr. 250.00 til endurbóta á girðingunni. Að öðru leyti hefur hreppsnefndin ekki endurnýjað eða haldið við umræddri girðingu meðfram veginum, þar sem hann liggur um tún aðaláfrýjanda, enda þótt hún hafi viðurkennt girðingarskylduna með framanskráðri samþykkt. Af hálfu gagnáfrýjanda er kannast við, að um ágang búfjár muni hafa verið að ræða á tún Austurkots, sem rót eigi að rekja til nefndrar vegarlagningar. Með því að hreppsnefndin hefur vanefnt girðingarskyldu sína, eins og að framan segir, þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til bóta úr hreppssjóði fyrir ágang búfjár á land hans, sem leitt hefur af vanefndun-

um. Í áðurgreindri matsgerð, dags. 30. marz 1959, meta hinir dómkvöddu menn hæfilegar bætur til handa aðaláfrýjanda af þessum sökum kr. 8000.00, og leggur aðaláfrýjandi það mat til grundvallar þessum lið kröfugerðar sinnar. Þykir matsfjárhæðin eftir atvikum ekki of hátt ákveðin, og verður kröfuliður þessi því tekinn til greina ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. september 1956.

Gagnsök í héraði.

Í gagnsökinni krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um vangoldin útsvör, kr. 19.980.65, og dráttarvexti af útsvarsfjárhæðum, kr. 15.134.28. Með því að gagnáfrýjandi hefur, eins og í héraðsdómi segir, gert næga grein fyrir ófyrndum og ógoldnum útsvörum aðaláfrýjanda, er nema framangreindri fjárhæð, kr. 19.980.65, verður niðurstaða héraðsdóms staðfest um þenna lið gagnkröfunnar. Samkvæmt endurriti úr hreppsþók hefur sú aðferð verið höfð um margra ára skeið að færa aðaláfrýjanda útsvör hans til gjalda á viðskiptareikningi, en færa honum þar jafnframt til tekna þóknar til hans fyrir ýmis störf í þágu hreppsfélagsins. Á viðskiptareikning þenna hafa aldrei verið færðir neindir dráttarvextir. Eins og þessum samskiptum málsaðilja var háttað, gaf gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda ástæðu til að ætla, að hann yrði ekki krafinn um dráttarvexti. Má því staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi eigi að vera sýkn af þessum kröfulið.

Málalok.

Samkvæmt framangreindu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði kr. 8889.68 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 8000.00 frá 21. september 1956 til greiðsludags. Í gagnsök í héraði greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 19.980.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu visast frá héraðsdómi.

Í aðalsök í héraði greiði gagnáfrýjandi, oddviti Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, aðaláfrýjanda, Árna

Klemens Hallgrímssyni, kr. 8889.68 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 8000.00 frá 21. september 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 19.980.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. júní 1959.

Ár 1959, þriðjudag 23. júní, var í aukadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni ásamt meðdómurum Sigurgeiri Guðmundssyni byggingarfræðing og Einari Halldórssyni bónda uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómpinginu með stefnu, útgefinni 21. september 1956, af Árna Kl. Hallgrímssyni hreppstjóra, Minni-Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, gegn hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps fyrir hönd hreppsins og gegn Vogum h/f, Vatnsleysustrandarhreppi, og gjörir stefnandi þær dómkröfur, að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt að greiða honum skaðabætur fyrir vegstæði eftir mati dómkvaddra manna, að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt að greiða honum skaðabætur fyrir átroðning, einnig eftir mati dómkvaddra manna, og að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, að taka af átroðning á tún Austurkots og skepnumferð um veginn, þ. e. afleggjara frá Keflavíkurvegi niður á hafnarbakka (Eyrarkotsbakka), og loks að stjórn Voga h/f verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda, að girða lóð sína samkvæmt grunnleigusamningi, dags. 1. júlí 1942. Að endingu er þess krafizt, að hreppsnefndinni f. h. hreppsins og stjórn Voga h/f f. h. félagsins verði dæmt að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins og stjórn Voga h/f f. h. félagsins verði dæmt að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, er krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Með stefnu, útgefinni 5. febrúar s.l., höfðaði oddviti hreppsins, Pétur Jónsson, f. h. hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps gagnsök fyrir aukadómþingi á hendur aðalstefnanda, Árna Kl. Hallgrímssyni, Austurkoti, til greiðslu á eftirstöðvum vangoldinna útsvara og hreppsvegagjalda, samtals að upphæð kr. 19.989.56, ásamt dráttarvöxtum, samtals að upphæð kr. 15.150.03 auk 6% af upphæðinni samanlagðri, kr. 35.139.59, frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð gagnstefnda í gagnsök lýsir hann yfir, að málsókn hans í aðalsök gegn Vogum h/f hafi verið felld niður, og gjörir hann svofelldar endanlegar dómkröfur í aðalsök, að aðalstefnda verði dæmt að greiða aðalstefnanda kr. 16.683.50 með 6% ársvöxtum frá 21. september 1956 til greiðsludags og að aðalstefnda verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til aðalstefnanda, að taka af átroðning á tún Austurkots og skepnumferð um veginn, þ. e. afleggjara (hliðarveg) frá Keflavíkurvegi niður á hafnarbakka (Eyrarkotsbakka). Þá krefst hann, að aðalstefnda verði dæmt að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök að skaðlausu, þar á meðal matskostnað.

Í gagnsök gjörir gagnstefndi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í gagnsök að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Árið 1930 var stofnað í Vogum á Vatnsleysuströnd samvinnufélag, sem hét Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar. Gerði félag þetta út tvo vélbáta, og hafði útgerðin bækistöð sína á svonefndum Eyrarkotsbakka fyrir neðan Vogatjörn. Enginn akvegur var þá niður í Vogana, fyrr en félag þetta lagði veg af þjóðveginum niður að útgerðarstöð sinni árið 1931. Vegur þessi var lagður norðan við Vogatjörn yfir tún Austurkots og Minni-Voga.

Á hreppsnefndarfundi, sem haldinn var 18. okt. 1930, „lá fyrir beiðni frá Útgerðarfélagi hreppsins í Vogum um, að lagður yrði hreppsvegur ofan af þjóðveginum niður til útgerðarstöðvarinnar, sem félagið hefur í hyggju að reisa á Eyrarkotsbakka“.

Hreppsnefndin taldi fjárhag hreppsins þannig, að ekki gæti komið til mála, að hreppurinn legði fram fé til slíkrar vegalagn-

ingar að þessu sinni, en taldi hins vegar rétt, að nefndin beitti sér fyrir því, að vegurinn fengist lagður án skaðabótakröfu frá landeigendum fyrir það land, sem vegurinn yrði lagður yfir, annaðhvort með því að leita samkomulags hjá hlutaðeigandi aðiljum eða að öðrum kosti með mati dómkvaddra manna, ef til skaðabótakröfu kæmi.

Með bréfi til útgerðarstjórnarinnar, dags. 20. okt. 1930, tilkynnir þáverandi oddviti hreppsnefndar, Kristmann Runólfsson, félagsstjórninni ofangreinda samþykkt, og segir þar meðal annars: „Landeigendur að sunnan áskilja sér rétt til skaðabóta fyrir landsþjóll, en landeigendur að norðan gera það ekki.“ Vegurinn var síðan lagður norðan við Vogatjörn, og stóð útgerðarfélagið fyrir því, en félagsmenn unnu að því. Ekki munu hafa verið gerðar neinar kröfur á hreppinn í því sambandi, en hann útvegaði 1000 kr. styrk til verksins. Viðhald vegarins mun útgerðarfélagið hafa séð um og, eftir að það leið undir lok, næsti eigandi að bryggju þess og húsum. En 25. maí 1940 keypti hreppurinn bryggjuna, og segir oddvitinn, að síðan hafi vegur þessi kallast hreppsvegur og honum verið haldið við og hann breikkaður af hreppnum, meðal annars í sambandi við hafnargerðina, sem hófst árið 1945.

Eftir að hreppsnefnd keypti umrædda eign, mun aðalstefnandi hafa byrjað að hafa uppi sumar af kröfum þeim, sem komið hafa fram í máli þessu. Elztu gögn í málinu um þetta eru bréf stefnanda frá 1942. Í bréfi, dags. 20. júní, kvartar aðalstefnandi yfir, að leiguland hreppsins, Eyrarkotsbakki, sé að öllu ógirt og vegna þess sífelldur straumur stórgripa inn á afleggjarann, og þetta geri þeim svo erfitt að verja tún sín, að ófært sé við að búa. Fer hann fram á, að hreppsnefnd bregðist þegar við og láti girða landið. Þegar landið var leyft undir veginn, hafi verið stranglega tekið fram, að girt væri beggja megin vegarins, þar sem hann lægi um tún, og telur hann því hiklaust skyldu hreppsins að viðhalda hliði á hliðargirðingunni. Með því að hafa þar gott hlið og afgirða Eyrarkotsbakkalóðina teldi hann hreppinn fullnægja skyldum sínum við afleggjarann. Í bréfi, dags. 13. júlí s. á., tekur aðalstefnandi þetta fram: Leyft var að fara í gegnum túnin endurgjaldslaut með því skilyrði þó, að girt væri beggja megin vegarins og aðeins til notkunar landsins, sem bryggjan var byggð á eða átti að nota til útgerðarstarfsemi. Jafnframt heldur hann fram, að réttur hreppsins til þessa vegar og landsins, sem hann liggur á, sé ekki annar en sem við kem-

ur útgerðarstarfsemi á Eyrarkotsbakka, og fer fram á, að hreppsnefnd hlutist til um, að önnur umferð á veginum verði algjörlega lögð niður.

Síðan hefur aðalstefnandi átt í stöðugu stappi við hreppsnefndina út af þessu og lagt fram mikið af umkvörtunum og kröfum, einkum síðari árin.

Er dómurinn gerði áreið á landið 27. apríl s.l., tókst milli aðilja samkomulag um önnur atriði máls þessa en bætur fyrir átroðning fyrir liðinn tíma og bætur fyrir land, hvort tveggja samkvæmt framlögðu mati.

Skal þá vikið nánar að kröfum aðilja, fyrst í aðalsök og síðan í gagnsök.

Aðalsök.

Aðalstefnandi heldur fram, að hann hafi leyft land undir veginn frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka með því afdráttarlausu skilyrði, að hreppsnefnd sæi um, að ekki yrði átroðningur af skepnumferð um veginn, þar sem hann lægi um tún. Þrátt fyrir þetta hafi tún eignarjarðar hans, Austurkots, orðið fyrir miklum átroðningi. Hann hafi margsinnis krafizt, að hreppsnefnd gerði ráðstafanir til að létta af þessum átroðningi, en hreppsnefnd fengizt ekki til þess. Auk þess hafi aðalstefnandi ekki fengið neinar bætur fyrir vegarstæðið. Að vísu muni hafa farið fram mat á því, en hann mótmæli mati þessu sem ógildu, bæði þar sem aðiljum hafi ekki gefizt kostur á að mæta við það og gæta hagsmuna sinna, og af því að matið hafi ekki náð til tjóns af átroðningi.

Hefur aðalstefnandi því látið fram fara nýtt mat, sem er dagsett 30. marz 1959, og miðar hann endanlegar kröfur sínar við það.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að hreppurinn hafi eignazt umræddan veg árið 1940 í því ástandi, sem hann þá var, og enga ábyrgð tekið á sig vegna viðskipta fyrri eigenda vegarins og aðalstefnanda og hafi aldrei gert það. Vegurinn hafi verið lagður með fullu leyfi aðalstefnanda, löngu áður en hreppurinn eignaðist hann, og aðalstefnandi aldrei eignazt neinn rétt á hendur hreppnum til greiðslu á vegarstæðinu eða skaðabótum fyrir það.

Þá er af hálfu aðalstefnda haldið fram, að á hreppnum hvíli engin skylda til að verja tún aðalstefnanda, sem verið hafi um fjölda ára ógirt, og búfénaður því getað um það gengið óhindrað. Og þó það hefði verið girt meðfram veginum, hefði

það ekki getað komið í veg fyrir átroðning á túnið af hálfu búfénaðar, þar sem það hafi verið ógirt annars staðar. Auk þess hafi vegurinn verið girtur, þegar hreppurinn eignaðist hann, og verið það, þangað til aðalstefnandi tók girðinguna burtu. Neitar hann því, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir nokkrum átroðningi af völdum þess, að vegurinn sé ógirtur eða illa girtur, og þó svo hefði verið, beri hreppurinn enga ábyrgð á því gagnvart aðalstefnanda.

Kröfu sína um sýknu af málskostnaði byggir aðalstefndi á sýknukröfum af hinum stefnuatriðunum.

Í skýrslu sinni, dags. 8. nóv. 1958, segir aðalstefnandi, Árni Kl. Hallgrímsson, svo frá atvikum að lagningu umrædds vegar.

„Vorið og sumarið 1931 er svo vegurinn lagður af Ú. V. eftir þeirri leið, sem hreppsnefnd ákveður í bréfi sínu, dags. 20. okt. 1930, hafður á sérreikningi til þess að geta sýnt, hvað hann kostaði, þegar hreppsnefndin teldi sig þess umkomna að geta greitt.“

Ekki er upplýst í málinu, hve miklu þessi kostnaður hefur numið, né heldur verður séð, að hreppsnefnd hafi nokkurn tíma verið krafín um þann kostnað eða nokkurn hluta hans. Því næst segir í sömu skýrslu: Vorið 1932 girtum við svo veginn frá Eyrarkotsbakka upp á Kirkjuholt norðan vegarins, sunnan hans er Vogatjörn frá bakkanum upp að túni Austurkots. Þar sem hann fer í gegnum túnið, girtum við einnig sunnan vegarins frá tjörninni að afleggjara, sem liggur að afleggjara, sem liggur að Háþæ. Þá segir, að við þessa girðingu hafi unnið Minni-Vogabráður og aðalstefnandi, sem voru landeigendur, og lögðu þeir til alla girðingarstólpa, en vírnet og gaddavír var fengið í reikning Ú.V. Engin greiðsla hafi komið fyrir vinnuna og staurana, og ekki verður séð af máli þessu, að hreppsnefndin hafi nokkurn tíma verið krafín um þennan kostnað, og ekki verður heldur annað séð en landeigendur hafi þá talið þetta fullnægjandi girðingu. Þegar þetta var gert, mun aðalstefnandi hafa verið framkvæmdarstjóri Útgerðarfélagis Vatnsleysustrandarhrepps, sem bar kostnað af þessum framkvæmdum, og var aðalstefnanda því innan handar að gæta hagsmuna sinna við þessa vegarlagningu. Að lokum segir aðalstefnandi í skýrslunni: „Ég ætlaði að fá samning um veginn, meðan ég var framkvæmdarstjóri Ú. V., en það fórst fyrir.“ Að vísu verður ekki séð, hvað aðalstefnandi hefur átt við með þessu orðalagi, en á hinn bóginn hefði honum mátt vera hæg heimatökin, meðan hann var framkvæmdarstjóri félagsins, að koma fram kröfum um endurgjald fyrir veg-

arstæði eða girðingar meðfram veginum, hafi hann þá hugað á slíkt, sem ekki verður séð nú, af því sem fyrir liggur.

Í málinu hafa mætt tvö vitni, sem viðriðin voru umrædda vegarlagningu á sínum tíma. Vitnið Guðmundur Þórarinsson var í stjórn Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar fyrstu árin og allt fram að síðasta ári þess. Segir hann, að hreppsnefnd hafi ekki talið sig megnuga að leggja fé til þessa, og félagið og félagsmenn hafi þá ráðið í og unnið að því. Þá hafi þeir stjórnarmeðlimir félagsins og bræðurnir í Minni-Vogum komið saman og rætt málið, og þar hafi þá einnig verið Árni Kl. Hallgrímsson, aðalstefnandi máls þessa, enda var hann þá framkvæmdarstjóri félagsins. Mundi vitnið eftir, að Þórður Klemensson hefði haft orð á því, að þeir ættu að gefa landið undir veginn, og Árni hefði samþykkt þetta ásamt öðrum aðiljum þess, án þess að nein skilyrði hefði verið sett fyrir þessari gjöf, svo vitnið mundi. Hins vegar muni þarna, eins og venja var, að girðing væri sett upp meðfram veginum og frá því muni hafa verið gengið. Þeir, sem að vegagerð þessari unnu, hafi ekki talið sig eiga neinar kröfur á hreppinn í því sambandi.

Þá mætti einnig fyrir rétti í máli þessu Sigurjón Sigurðsson, sem kosinn hafði verið í hreppsnefnd 1927 eða 1928 og sat þar næstu sex ár. Hann hafði því verið í hreppsnefnd, þegar umræddur vegur var þar til afgreiðslu, og gengið með þáverandi oddvita, Kristmannj Runólfssyni, á staðinn til að skoða tvö vegarstæði, sem til greina komu þá. Það hefði ráðið úrslitum hjá þeim, að land undir vegarstæðið, þar sem vegurinn var lagður, hefði verið gefið af eigendum þess, en hitt hefði þurft að borga bætur fyrir. Kristmann oddviti hefði tjáð vitninu, að þeim stæði landið til boða endurgjaldslaust, og það hefði ráðið úrslitum.

Framburðir beggja vitnanna voru teknir sem eiðfestir væru.

Við aðiljayfirheyrslu, sem fram fór 16. desember 1958, kvaðst aðalstefnandi ekkert hafa gert fyrir 1940 til þess að fá greiðslu fyrir landið, sem fór undir „Hafnarvegin“, og tekur fram, að hann hafi aldrei rukkað hreppinn hvorki um viðhald né fyrir landið, en alltaf verið að rífast í að fá Eyrarkotsbakkann afgirtan og Norðurkotslóðina afgirta til þess að losna við skepnurás inn á veginn.

Í bréfi til hreppsnefndar, dags. 2. júní 1947, kveðst aðalstefnandi telja sig samkvæmt vegalögum eiga bætur fyrir jarðrask, landnám, átroðning o. fl., en fara aðeins fram á bætur fyrir átroðning. Þar sem þetta mál hafi verið á döfinni, síðan hreppurinn keypti

bryggjuna og taldi sér veginn, sýnist mál til komið að leysa það, og vill hann fá samkomulag.

Í bréfi, dags. 21. júlí 1955, til hreppsnefndar segir aðalstefnandi, að hann væri búinn að fá 20 ára reynslu á girðingu meðfram vegi þessum og hafi því kosið rörahlíð, sem hann vill fá fullgert. Í bréfi sínu til hreppsnefndar, dags. 3. ágúst 1955, segir sami, að það sé algjörlega rangt, að hann hafi í bréfi sínu 21. júlí 1955 borið fram nokkra kröfu um girðingar og lagfæringar á ýmsum girðingum í Vogum, og sömuleiðis sé það einnig ósatt, að hann hafi borið fram slíkar kröfur áður.

Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að aðalstefnandi eigi engar kröfur á hendur aðalstefnda, hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps vegna hreppsins, um bætur fyrir umrætt vegarstæði eða átroðning af völdum búfjár vegna lagningar vegarins um tún Austurkots. Ekki verður annað séð en það mál hafi verið útkljáð, þegar umræddur vegur varð eign hreppsins við kaup á eignum við höfnina 25. nóv. 1940, enda lætur aðalstefnandi rúm 25 ár líða, frá því verkið er framkvæmt, þar til hann gjörir reka að því að koma fram kröfum sínum eða hafa uppi þær kröfur, sem endanlega er gjört í máli þessu, á hendur aðalstefnda. Verður því krafa aðalstefnanda um bótagreiðslu, að upphæð kr. 16.683.50 auk vaxta, ekki tekin til greina.

Um málskostnað verður ákveðið í einu lagi um aðalsök og gagnsök. Verður þá vikið að

Gagnsök.

Með skýringum, sem gagnstefnandi hefur lagt fram í gagnsök, leiðréttir hann gagnstefnukröfur til lækkunar, þannig að upphæð vangoldinna útsvara og hreppsvegagjalds verður kr. 19.980.65 og útreikningur dráttarvaxta samkvæmt því lækkaður í kr. 15.134.28, eða gagnkröfuupphæð samanlögð kr. 35.114.93, og er jafnframt krafizt 6% vaxta af þeirri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Af hálfu gagnstefnanda er lagt fram í málinu notarialstaðfest endurrit úr viðskiptamannabók Vatnsleysustrandarhrepps. Samkvæmt því er hér um að ræða útsvarsskuldir gagnstefnda og hreppsvegagjöld árin 1945 til 1959 auk dráttarvaxta af skuldinni öll árin.

Af hálfu gagnstefnda er skuldarupphæðinni mótmælt sem rangri og fyrndri. Enn fremur er því haldið fram, að sannanir bresti fyrir, að umkrafín gjöld séu rétt samkvæmt álagningu, enda leggi gagn-

stefnandi ekki fram útsvars- og hreppsvegagjaldsseðla gagnstefnda sundurliðaða.

Framlagt staðfest endurrit úr viðskiptamannabók verður að teljast fullnægjandi sönnunargagn fyrir viðskiptum aðilja og skuld gagnstefnda við hreppinn.

Öll þau ár, sem hér er kafið fyrir, nema 1945, 1948 og 1956, eru færðar meira og minna innborganir í reikning gagnstefnda, ýmist peningar eða þóknun fyrir störf, og nemur það samtals kr. 21.794.35. Þar sem slíkar innborganir hafa farið fram af hálfu gagnstefnda, verður ekki á það fallizt, að um fyrningu sé að ræða, enda er skuldarupphæðin, kr. 19.980.65, töluvert lægri en álögð útsvör gagnstefnda fyrir árin 1956—1958. Í viðskiptamannabók hafa ekki verið færðir dráttarvextir, enda ber að fella þá niður, eins og þessum viðskiptum hefur verið háttáð.

Hins vegar þykir rétt að taka til greina kröfu gagnstefnda um 6% ársvexti af tildæmdri fjárhæð frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi, hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Árna Kl. Hallgrímssonar, í aðalsök.

Gagnstefndi, Árni Kl. Hallgrímsson, greiði gagnstefnanda, Pétri Jónssyni f. h. Vatnsleysustrandarhrepps, kr. 19.980.65 auk 6% ársvaxta frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.